



Reykjavík 12. nóvember 2019

Umsögn v/ Frumvarps til laga

um breytingu á lögum um stimpilgjald, nr. [138/2013](#) (afnám stimpilgjalds af skjölum varðandi eignayfirfærslu skipa). Þingskjal 354 B.t. Efnahags og viðkiptanefndar. Stjórnarfrumvarp.

Úr greinargerð

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Frumvarp þetta er lagt fram í kjölfar þeirrar almennu umræðu sem átt hefur sér stað um skyldu til að greiða stimpilgjald af skjölum er varða eignayfirfærslu skipa. Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um stimpilgjald, nr. [138/2013](#), og er þeim ætlað að vera til hagsbóta fyrir rekstrarumhverfi skipa á Íslandi.

Athugasemdir FS við greinargerðinni

Félag skipstjórnarmanna vekur athygli á að þetta ákvæði laganna um stimpilgjöld er sá þröskuldur sem komið hefur í veg fyrir stóraukna hreyfingu skipa inn og út af íslenskri skipaskrá undir erlent flagg og til baka. Sú staðreynd ætti að vekja nefndarmenn til umhugsunar um hvort forsendur frumvarpsins séu fullnægjandi, þegar höfundar þess afgreiða málið einfaldlega með því að fullyrða að lagabreytingin sé til hagsbóta fyrir rekstrarumhverfi skipa á Íslandi. Nú er það svo að á íslenskum skipum eru íslenskir sjómenn sem njóta íslenskra kjarasamninga. Þessir sjómenn eru af stærstum hluta fjölskyldumenn sem eiga sitt lífsviðurværi undir öruggu rekstrarumhverfi þeirra skipa sem eru þeirra afkomu og starfsvettvangur. Með því að Alþingi aflétti þeirri gjaldtöku sem til þessa hefur komið í veg fyrir stórauknar út og inn flagganir íslenskra skipa þá er starfsöryggi óþekkts, en fortakslaust vaxandi fjöldi íslenskra sjómanna varpað fyrir róða. Öruggt má telja að ákveðnar útgerðir sæki í verulega auknu mæli að skrá skip sín á erlenda fána til lengri eða skemmri tíma.

Meðfylgjandi er ítarlegri sameiginleg umsögn Félags skipstjórnarmanna og Sjómannasambands Íslands er varðar sama sömu lagabreytingar sem birt var á Samráðsgátt stjórnvalda þann 11. október 2019.

Virðingarfyllst f.h. Félags skipstjórnarmanna

Árni Bjarnason formaður



Efni: Áform um breytingar á stimpilgjaldi

Alvarleg aðför að íslenskri sjómannastétt

Þann 30. september birtist á Samráðsgátt stjórnvalda áform um framlagningu frumvarps til breytinga á lögum **nr. 138/2013** um stimpilgjald. Ástæðan er fortakslaust sú að til staðar er einbeittur vilji ákveðinna útgerða til að fá niðurfellingu á stimpilgjaldi. 1,6 % þegar fiskiskipum er flaggað út. Þ.e. afskráð af íslenskri skipaskrá og skráð í öðru ríki. Þetta ákvæði laganna kostar útgerðir margar milljónir og er það eina sem virkað hefur sem hemill á útgerðir til að sporna við því að hringlað sé með íslensk skip fram og aftur milli ríkja með útflöggunum.

Óásættanlegar afleiðingar þessarar fyrirhuguðu lagabreytingar á stöðu íslenskra sjómanna eru þær að atvinnuöryggi vaxandi hluta þeirra er fyrir bí. Svo dæmi sé tekið er skilyrt samkvæmt grænenskum lögum að allir undirmenn verði að vera Grænendingar. Á þeim íslensku skipum sem skráð hafa verið á Grænlandi eru meira og minna öll kjarasamningsbundin réttindi sem sjálfsgöð eru talin hjá sjómönnum á íslenskum skipum, ekki til staðar. S.s. greiðslur í lífeyrirsjóði og til stéttarfélaga til hagsmunagæslu fyrir sjómennina. Slysatryggingar ekki svipur hjá sjón og menn missa rétt á Íslandi til að nýta sér þjónustu Almannatrygginga eftir ákveðinn tíma. Allir íslenskir sjómenn sem ráðnir eru hjá „grænenskri útgerð“ geta ekki leitað til stéttarfélaga til að gæta hagsmuna sinna, heldur eru komnir upp á náð og miskunn útgerðarinnar með þau mál sem þeim þykir miður fara.

Við blasir að með niðurfellingu stimpilgjaldsins eru allar líkur að útflagganir íslenskra fiskskipa muni stóraukast og ómældur fjöldi sjómanna missa atvinnuna með neikvæðum afleiðingum fyrir þjóðfélagið, sjómennina og fjölskyldur þeirra. Skatt- og útsvarstekjur ríkis og sveitarfélaga dragst saman samfara auknu atvinnuleysi sjómanna.

Sá eini sem á sama tíma hagnast á lagabreytingunni er útgerðaraðilinn, en sá hagnaður er að mati okkar fortakslaust allt of dýru verði keyptur og meiri hagsmunum fórnað fyrir minni.

Á samráðsgáttinni má nú sjá *mat á áhrifum lagasetningar* sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. mars 2017. Sú lesning er að mati okkar bæði ófagleg og yfirborðskennd. Þar er í niðurlagi álitsgerðar sem er upp á 2 ½ bls. samandregin niðurstaða mats með vísun í fylgiskjöl tíunduð á eftirfarandi hátt:

„Gert er ráð fyrir því að lagabreytingar frumvarpsins um afnám stimpilgjalda af skjölum er varða eignayfirfærslu skipa hafi óveruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum. Hinsvegar ættu þær breytingar sem stefnt er að með frumvarpinu að hafa jákvæð áhrif á hagsmunaaðila.“

Einnig má vekja athygli á að á bls. 3 er lagt mat á hvort frumvarpið hafi áhrif á tiltekna þjóðfélagshópa s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir. Höfundar matsins afgreiða það álitamál einfaldlega með þremur orðum þ.e.a.s. „*Á ekki við!*“ Hvergi er minnst með einu orði á íslenska sjómannastétt og hvað þeirra biður verði frumvarpið að lögum.

Forverar núverandi þjóðkjörinna fulltrúa hafa klárlega með lögfestingu núverandi fyrirkomulags, metið forsendur fyrir álagningu stimpilgjalda á skip út frá mun rökréttari hagsmunum en þeir þingmenn sem lagt hafa nafn sitt við það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi. Vaxandi floti öflugra fiskiskipa undir erlendum fána eru í eigu Íslendinga. Bregðist eigendur þess flota við með þeim hætti sem boðið er upp á með nýrri lagasetningu má gera ráð fyrir verulegum og afgerandi neikvæðum afleiðingum á stöðu íslenskra sjómanna á fiskiskipum.

Félag skipstjórnarmanna og Sjómannasamband Íslands skorar á þingheim að hafna framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum um stimpilgjald **nr. 138/2013** og standa þar með vörð um hag íslenskra sjómanna.

F.h. Félags Skipstjórnarmanna

F.h. Sjómannasambands Íslands

Árni Bjarnason form.

Valmundur Valmundsson form.